

Samantekt

um fund Vilhjálms Bjarnasonar með Ríkisendurskoðun vegna „nýrra“ gagna og upplýsinga um sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. til hins svokallaða S-hóps.

Mars 2006



RÍKISENDURSKOÐUN

28. mars 2006

S A M A N T E K T

Til formanns fjárlaganefndar**Frá Ríkisendurskoðun****Efni: Um fund Vilhjálms Bjarnasonar með Ríkisendurskoðun vegna „nýrra“ gagna og upplýsinga um sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. til hins svokallaða S-hóps.**

Í fréttaskýringaþættinum „Silfur Egils“ á Stöð 2 hinn 19. febrúar sl. greindi Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við HÍ, frá því að hann byggi yfir gögnum og upplýsingum er varpa nýju ljósi á sölu á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins svokallaða hinn 16. janúar 2003. Í framhaldi af umræðum á opinberum vettvangi, m.a. á Alþingi, og yfirlýsingu ríkisendurskoðanda um að honum væri ókunnugt um nýjar upplýsingar í málinu átti Vilhjálmur fund með Ríkisendurskoðun miðvikudaginn 22. febrúar sl. Á fundinum lagði hann fram og kynnti eftirtalin gögn:

1. Ársskýrslu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGAA fyrir árið 2003.
2. Yfirlýsingu þýska bankans á ensku frá 27. júní 2005 en í henni greinir bankinn m.a. frá aðkomu sinni sem hluthafa í Eglu hf. að kaupum á framangreindum hlut ríkisins í Búnaðarbankanum jafnframt því sem hann lýsir því yfir að umrædd fjárfesting í Eglu hf. hafi verið færð til bókar í reikningum bankans.
3. Þrjár blaðsíður úr skráningarlýsingu á Eglu hf. vegna 1. flokks skuldaþréfa félagsins fyrir árið 2005, en síður þessar geyma almenna lýsingu á félaginu.
4. Ljósrit af 12 glærum, sem sýndar voru í ofangreindum sjónvarpsþætti, en þar er söluferli á 48,5% hlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og jafnstórum hlut í Búnaðarbanka Íslands lýst í mjög grófum dráttum auk þess að geyma samantekt Vilhjálms á afkomu Hauck & Aufhäuser bankans og Eglu hf. Á síðustu glærunni greinir Vilhjálmur frá niðurstöðum rannsóknar sinnar.

Ljósrit af ofangreindum gögnum fylgja samantekt þessari, sbr. forsk. 1 til 4. Á fundinum gerði Vilhjálmur grein fyrir þeirri skoðun sinni að ef rétt reyndist að þýski bankinn hafi átt helmingshlut í Eglu hf. þá hafi hann virt að vettugi samræmdar reikningsskilareglur Evrópusambandsins. Vilhjálmur gat þess jafnframt að hann hefði vitneskju um að Hauck & Aufhäuser bankinn hefði ekki gert viðeigandi þýskum eftirlitsstofnunum grein fyrir fjárfestingum sínum í Eglu hf. Svo sem kunnugt er keypti Egla hf, sem aðili að S-hópnum, rúmlega 71% af 45,8% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf., sem ríkið seldi hópnum 16. janúar 2003.

Á fundinum var óskað eftir afstöðu Vilhjálms til fréttar, sem birtist í Fréttablaðinu 22. feb. sl., þ.e. sama dag og fundurinn var haldinn, þar sem Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser vísar á bug ásökunum um að bankinn hafi ekki verið raunverulegur kaupandi að helmingshlut í Eglu hf. Ljósrit af fréttinni er að finna á forsk. nr. 5. Vilhjálmur taldi í ljósi þeirra gagna, sem hann hefði lagt fram og óformlegra upplýsinga, sem hann byggi yfir, að ekkert væri að marka þessar yfirlýsingar bankastjórans. Líkt og í framangreindum sjónvarpsþætti lýsti Vilhjálmur því yfir að umrædd gögn og rannsóknir hans sýndu með ótvíráðum hætti að útilokað væri að Hauck & Aufhäuser bankinn hefði verið eigandi að helmingshlut í Eglu hf.

Í framhaldi af fundinum með Vilhjálmi óskaði ríkisendurskoðandi álits Stefáns Svavarssonar, löggilts endurskoðanda og dósents við HR, á því hvort unnt væri að fullyrða, með hliðsjón af upplýsingum í reikningsskilum Hauck & Aufhäuser fyrir árið 2003, að hann hafi ekki fjárfest í Eglu hf. Í svari Stefáns, dags. 1. mars sl., bendir hann m.a. á að fjárfesting bankans í Eglu hf. rúmast vel innan liðarins „hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“ í efnahagsreikningi bankans í reikningsskilunum 2003. Þá bendir hann á að hafi bankinn selt hluta af fjárfestingu sinni í Eglu hf. á árinu 2004, séu tekjuliðir í ársreikningi bankans fyrir árið 2004, sem rúmi vel þann ágóða, sem hann kann að hafa haft af þeirri sölu. Eftir að hafa reifað málið kemst Stefán að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að fullyrða með því að rýna einungis í reikningsskil þýska bankans fyrir árið 2003 að hann hafi ekki fjárfest í Eglu hf. á árinu 2003. Það gagnstæða eigi raunar einnig við, þ.e. þess sjást ekki merki með beinum hætti að bankinn hafi fjárfest í fyrirtækinu. Hann tekur jafnframt fram að ekki sé skylda í reikningsskilum banka að sundurgreina fjárfestingu í hlutabréfum eða öðrum verðbréfum og því hafi þýski bankinn verið í fullum rétti að veita ekki frekari upplýsingar um fjárfestingu sína í verðbréfum en hann gerði. Að öðru leyti vísast til bréfs hans, þ.e. forsk. 6.

Föstudaginn 24. feb. sl. átti Ríkisendurskoðun fund með Guðmundi Hjaltasyni, löggiltum endurskoðanda, framkvæmdastjóra Eglu hf., og Kristni Hallgrímssyni, hrl. lögfræðingi félagsins. Á fundinum lögðu þeir fram eftirtalin gögn úr förum félagsins og skýrðu þau eftir því sem þurfa þótti:

1. Vottorð úr fyrirtækjaskrá, útgefið 24. feb. 2006. Sjá forsk. 7.

2. Tilkynningu um stofnun einkahlutafélagsins Eglu frá 14. nóv. 2002. Sjá fsk. 8.
3. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár um stofnun Eglu ehf. frá 14. nóv. 2002. Sjá fsk. 9.
4. Stofnfundargerð Eglu ehf. dags. 14. nóv. 2002. Sjá fsk. 10.
5. Stofnsamning fyrir Eglu ehf. frá 14. nóv. 2002. Sjá fsk. 11.
6. Samþykktir fyrir Eglu ehf., dags. 14. nóv. 2002. Sjá fsk. 12.
7. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár frá 10. janúar 2003 um að ákveðið hafi verið að breyta einkahlutafélaginu Eglu í hlutafélag ásamt samþykktum fyrir Eglu hf., eftir breytingar hinn 10. janúar 2003. Sjá fsk. 13.
8. Tvö umboð (Power of Attorney), útgefin af Hauck & Aufhäuser Privatbankiers hinn 14. jan. 2003, til handa Peter Gatti, bankastjóra bankans, til þess m.a. að skrifa undir fyrir hönd bankans kaupsamning um kaup á 5 milljóna kr. hlutafé í Eglu hf. Jafnframt veitti það honum heimild til að skrifa undir hluthafasamkomulag um að auka hlutaféð í Eglu hf. í því skyni að gera félaginu kleift að standa við skilyrði kaupsamningsins um hlutinn í Búnaðarbankanum. Markmið hluthafasamkomulagsins var að tryggja að kaupendur kæmu fram sem einn aðili, þ.e. kjölfestufjórðing, í tengslum við eignarhald sitt á hlutnum. Sjá fsk. 14.
9. Kaupsamning, dags. 15. jan. 2003, milli Kristins Hallgrímssonar og Hauck & Aufhäuser um kaup þess síðarnefnda á 50% hlut í Eglu hf. Sjá fsk. 15.
10. Endurrit hluthafafundar í Eglu hf. hinn 16. jan. 2003 þar sem ákveðið var að breyta tilgangi félagsins samkvæmt samþykktum hans í þá veru að vera einungis eignarhaldsfélag um hinn keypta hlut í Búnaðarbankanum. Sjá fsk. 16.
11. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 19. mars 2003, um að hinn 16. janúar 2006 hafi verið ákveðið að breyta tilgangi Eglu hf. ásamt samþykktum félagsins svo breyttum. Sjá fsk. 17.
12. Umboð, útgefið hinn 25. mars 2003 af Hauck & Aufhäuser til handa Guðmundi Hjaltasyni til að mæta fyrir hönd bankans og fara með hlut hans á hluthafafundi í Eglu hf. 25. mars 2003. Umboðið veitti honum jafnframt heimild til að styðja tillögu um hækkun hlutafjár í félaginu allt að 3.420.000 kr. á genginu 1000, skrifa bankann fyrir 50% hækkunarinnar í samræmi við hlutafjáreign hans í Eglu hf. og lýsa yfir skuldajöfnuði þannig að stærstur hluti hlutafjárhækkunarinnar væri talinn greiddur með láni að fjárhæð 981.744,290 kr. og USD 7.656.717 eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum, sem bankinn hafði nýlega veitt félaginu. Sjá fsk. 18.
13. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 2. maí 2003 um að hluthafafundur í Eglu hf. hinn 25. mars 2003 hafi samþykkt að hækka hlutafé félagsins um 3.278.000 kr. á nafnverði á genginu 996,66444482. (tæplega 3,3 milljarðar kr.) Sjá fsk. 19.

14. Samþykktir Eglu hf eftir breytingar á hluthafafundi 25. mars. 2003. Sjá fsk. 20.
15. Bréf Fulltingis, lögfræðipjónustu ehf., f.h. Eglu hf. til Hauck & Aufhäuser ásamt fundargerð bæði á íslensku og ensku af hluthafafundi Eglu hf. 25. mars 2003 þar sem ákveðið var að hækka hlutafé félagsins. Sjá fsk. 21.
16. Tölulega útlístun á hlutafjár aukningunni 25. mars 2003 í Eglu hf. (Egla – Share Capital increase). Sjá fsk. 22.
17. Bréf Eglu hf. til Hauck & Aufhäuser frá 31. mars 2003 til staðfestingar á því að hlutafjár aukningin hafi átt sér stað og að hlutur bankans í félaginu sé eftir hækkunina 6.639.000 hlutir sem jafngildi helmingi að nafnvirði hlutafjár í félaginu. Sjá fsk. 23.
18. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 3. júlí 2003, um að Guðmundur Hjaltason hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins hinn 16. jan. 2003 auk áréttingar á að félaginu hafi verið breytt í hlutafélag þann sama dag. Sjá fsk. 24.
19. Umboð, útgefið af Hauck & Aufhäuser til handa Guðmundi Hjaltasyni til að fara með atkvæði bankans á hluthafafundi í Eglu hf. þann 12. desember 2003 og til að samþykkja að hlutafé félagsins verði hækkað um 1.200.000 kr. að nafnvirði svo og að skrifa bankann fyrir helmingi hækkunarinnar í samræmi við hlut hans í félaginu. Sjá fsk. 25.
20. Fundargerð hluthafafundar Eglu hf. hinn 12. des. 2003 þar sem ákveðið var að hækka hlutafé félagsins 1.200.000 kr. að nafnvirði á genginu 1575,187248 (tæplega 1.9 milljarðar kr.). Sjá fsk. 26.
21. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 7. janúar 2004, þar sem greint er frá samþykkt hluthafafundar 12. des. 2003 um hækkun hlutafjár um 1.200.000 kr. ásamt samþykktum félagsins, þar sem tekið hafði verið tillit til framangreindrar hækkunar á hlutafé. Sjá fsk. 27.
22. Bréf Fulltingis ehf., lögfræðipjónustu, dags. 27. feb. 2004, til viðskiptaráðuneytisins, þar sem þess er farið á leit f.h. Eglu hf. að ráðuneytið samþykki fyrir sitt leyti að félagið og/eða þáverandi hluthafar þess geti átt viðskipti sín í milli með hluti í Eglu hf. Í bréfinu var greint frá því að til stæði að Hauck & Aufhäuser minnkaði hlut sinn í félaginu um u.þ.b. 2/3. Sjá fsk. 28.
23. Bréf viðskiptaráðuneytisins til Fulltingis ehf., dags. 8. mars 2004, þar sem tilkynnt er með vísan til greinar 11.8 í kaupsamningnum frá 16. jan. 2003 milli aðila að það hafi fallist á erindi Eglu hf. frá 27. feb. 2004. Sjá fsk. 29.
24. Samkomulag, dags. 25. mars 2004, um sölu Hauck & Aufhäuser á 32,3% hlutabréfa í Eglu hf. (þ.e. u.þ.b. 2/3 af hlutabréfum bankans í félaginu) til Eglu hf. Sjá fsk. 30.
25. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 1. júní 2004, um að á aðalfundi Eglu hf. hinn 27. mars 2004, hafi verið samþykkt að lækka hlutafé félagsins um 4.676.957 kr. að nafnvirði í samræmi við 61. gr. hlutafélagalaga vegna eigin hluta, sem félagið átti í sjálfu sér. Jafnframt er tilkynnt að Michael Sauter hafi gengið úr aðalstjórn

- félagsins en Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser, hafi verið kosinn í hans stað. Sjá fsk. 31.
26. Samþykktir Eglu hf. eins og þær hljóðuðu eftir breytingar á aðalfundi félagsins 27. mars 2004. Sjá fsk. 32.
 27. Bréf Fulltings ehf. til viðskiptaráðuneytisins, þar sem þess er farið á leit f.h. Eglu hf. að ráðuneytið heimili samþykka hlutafjárþækkun í félaginu án auglýsingar í Lögbirtingablaði. Sjá fsk. 33.
 28. Yfirlýsingu stjórnar Eglu hf. og endurskoðanda félagsins frá 14. maí 2004 vegna lækkunar hlutafjár, með árituðu samþykki viðskiptaráðuneytisins frá 14. júní 2004. Sjá fsk. 34.
 29. Fundargerð stjórnarfundar í Eglu hf. hinn 14. okt. 2004, þar sem m.a. var samþykkt að félagið tæki þátt í hlutafjárútbóði Kaupþings Búnaðarbanka hf., og skrifaði sig fyrir hlutum í bankanum að markaðsvirði allt að 6 milljörðum króna. Sjá fsk. 35.
 30. Fundargerð hluthafafundar í Eglu hf. frá 29. des. 2004, þar sem samþykkt var að hækka hlutafé félagsins um 1.280.304 kr. að nafnverði á genginu 1874,55479 (u.þ.b. 2,4 milljarðar króna). Hauck & Aufhäuser lýsti því yfir á fundinum að fyrirtækið félli frá rétti til áskriftar að hlutafjárhækkuninni. Sjá fsk. 36.
 31. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 2. jan. 2005, um samþykkt hluthafafundar hinn 29. des. 2004 um hækkun hlutafjár, ásamt samþykktum með viðeigandi breytingum. Sjá fsk. 37.
 32. Tilkynningu til Hlutafélagaskrár, dags. 30. júní 2005 um að hluthafafundur Eglu hf., haldinn hinn 28. júní 2005, hafi kosið þá Hjörleif Jakobsson, Kristján Loftsson og Ólaf Ólafsson í stjórn félagsins. Úr stjórninni gekk Peter Gatti, bankastjóri Hauck & Aufhäuser. Auk þessa voru tilkynntar nokkra breytingar, sem gerðar höfðu verið á samþykktum félagsins á fundinum. Sjá fsk. 38.
 33. Samþykktir Eglu hf. eins og þær hljóðuðu eftir breytingar á hluthafafundi 28. júní 2005. Sjá fsk. 39.

Stofnunin aflaði sér einnig ársskýrslu Hauck & Aufhäuser bankans fyrir árið 2004, sbr. fsk. nr. 40.

Þá hefur Ríkisendurskoðun aflað sér staðfestingar Hauck & Aufhäuser bankans þess efnis að á meðan bankinn átti hlutabréf í Eglu hf. frá í janúar 2003 og fram í júní 2005 hafi þau verið færð í bókhaldi hans í samræmi við þýsk lagafyrirmæli og aðrar reglur þar í landi sbr, yfirlýsingu bankans frá 3. mars sl. Sjá fylgiskjal nr. 41.

Á sama hátt hefur stofnunin aflað staðfestingar frá endurskoðendum reikninga bankans, KPMG í Þýskalandi, um að hlutabréfin í Eglu hf. hafi verið færð í bókhaldi bankans í samræmi við þýsk lagafyrirmæli og aðrar reglur þar í landi, sbr. bréf endurskoðunarfélagsins frá 17. mars sl. til stjórnar Hauck & Aufhäuser. Sjá fylgiskjal nr. 42.

Þá skal tekið fram að bankinn hefur greint frá því að þar sem hann hafi staðið að öllu varðandi kaupin á hlutabréfunum í Eglu hf. í samræmi við gildandi lög og reglur í Þýskalandi hafi hann ekki átt í neinum sérstökum bréfaskiptum við þýska fjármálaeftirlitið, enda sérstök bréfaskipti óþörf þegar svo stendur á.

Til upplýsingar þykir og rétt að láta fylgja gögnum þessum ljósrit af tilkynningu, sem birtist í fyrirtækjafréttum á vef Kauphallar Íslands hinn 18. mars 2003, um að Fjármálaeftirlitið hafi m.a. staðfest hæfi Eglu hf. til þess að fara með virkan eignarhlut í Búnaðarbankanum. Tilkynning þessi er á forsk. nr. 43. Að auki fylgir ljósrit af ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2003 í heild sinni um hæfi umræddra kaupenda á 45,8% hlut ríkisins, sbr. forsk. nr. 44, en ákvörðunin var einnig birt sem viðhengi við fréttina á vef Kauphallarinnar. Vakin er sérstök athygli á því að í 2. lið ákvörðunarinnar kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi átt í samskiptum við og beint erindum til eftirlitsaðila í Þýskalandi vegna þátttöku Hauck & Aufhäuser í kaupunum. Þá er í lið 3.2 í ákvörðuninni greint frá því að Hauck & Aufhäuser hafi starfsleyfi sem viðskiptabanki í Þýskalandi og að hann sé undir eftirliti þarlandra eftirlitsaðila, þ.e. Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin). Jafnframt er þess getið í þessum lið ákvörðunarinnar að Fjármálaeftirlitið hafi óskað eftir upplýsingum um hvort hinn þýski eftirlitsaðili hafi gert athugasemdir við fyrirhuguð viðskipti Hauck & Aufhäuser og fengið þau svör að hann hafi ekki gert athugasemdir við þau.

Að mati Ríkisendurskoðunar tala þau gögn sem fylgja samantekt þessari skýru máli og því óþarft að skýra þau nánar. Með vísan til þeirra telur stofnunin að ekkert nýtt hafi verið lagt fram í málinu, sem stutt geti hinar viðtæku ályktanir, er Vilhjálmur hefur dregið af gögnum þeim, sem hann hefur lagt fram og þeim óformlegu upplýsingum, sem hann kveðst búa yfir. Þvert á móti þykja liggja fyrir óyggjandi upplýsingar og gögn um hið gagnstæða.

Um frekari upplýsingar um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands vísar Ríkisendurskoðun að öðru leyti til bls. 65-74 í skýrslu sinni um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998-2003, minnisblaðs síns til fjárlaganefndar frá 7. júní 2005, þar sem fjallað er nánar um nokkur atriði er tengjast sölu á hlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf og Búnaðarbanka Íslands hf. til kjölfestu-fjárfesta, og loks til samantektar, dags. 7. júní 2005, þar sem finna má svör stofnunarinnar við spurningum, sem beint var að henni á fundi í fjárlaganefnd 28. apríl 2005 um sölu á hlut ríkisins í bönkunum. Bæði minnisblaðið og samantektin fylgja hjálögð, sbr. forsk. 45 og 46. Rétt þykir að benda sérstaklega á það sem fram kemur á bls. 4 í minnisblaðinu en þar segir svo orðrétt:

„Samkvæmt gögnum sem lögð voru fyrir FNE um Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA var bankinn í eigu einstaklinga (70%) og stofnfjárfesta (30%) og sagður einn virtasti banki Þýskalands. Hann er yfir 200 ára gamall og er meðal annars með starfsemi í Swiss og Luxemborg. Bankinn sérhæfir sig í sjóða- og eignastýringu fyrir stofnanir og einkaaðila, umsjón verðbréfa fyrir sjóði og fjármálastjórn

fyirtækja og einstaklinga. Í árslok fór bankinn með stjórn eigna og sjóða að andvirði 12 milljarðar evra. Brúttó heildareignir í samstæðureikningum námu 1694 milljónum evra og eigið fé 107 milljónum evra. Frá 1999 til og með 2001 hafði bankinn skilað nærri því 30% arðsemi á eigið fé eftir skatta.“

Þá er af gefnu tilefni vakin sérstök athygli á svari við spurningu nr. 13 um hvaða ástæður hafi legið að baki því að S-hópurinn var talinn áhugaverðari viðsemjandi en Kaldbakur hf. Loks er á sama hátt vakin athygli á svari við spurningu 16 en hún laut að því hvenær Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafi fengið vitneskju um hver erlendi aðilinn, sem S-hópurinn hafði innan sinna vébanda, væri.